

Á Kjarvalsstöðum verða opnaðar í dag kl. 16 tvær myndlistarsýningar. HULDA STEFÁNSDÓTTIR fjallar um verk Georgs Guðna Haukssonar í Vestursal og Bernhards Moninot í gangrými og ræðir við listamennina.

ÍMYNDUN OG VERULEIKI GETA VERIÐ JAFN RAUNVERULEG


LISTMÁLARINN Georg Guðni Hauksson hefur skapað sér þá sérstöðu meðal yngri kynslóðar myndlistarmanna að þau þrettán ár sem hann hefur unnið að list sinni hefur hann undantekningarlaust fengið við að mála landslag. Af ákafa og einlægri gagnvart viðfangsefninu hefur honum tekist að finna nýja fleti á því sem hljómar vissulega eins og hefðbundinn og úrsérgenginn efniviður. Síðasta einkasýning Georgs Guðna var í Norræna húsinu árið 1995. Og hann létur engan bilbug á sér finna á stórrí sýningu í Vestursal Kjarvalsstaða. Innan finlegra blæbrigða persónulegs myndmáls kveður við nýjan tón í stundum grófari útfærslum á landslagi, stundum finlegri en fyrst og fremst landslagi sem gæti „verið“ alls staðar og hvergi, landslag sem er „minnis-stætt vegna þess hversu dæmigert það er,“ eins og listamaðurinn komst sjálfur að orði.

Jón Proppé, gagnrýnandi, fjallar um málverk Georgs Guðna í sýningarskrá. Þar bendir hann m.a. á að það sé ekki hluturinn, þ.e. landslagið, heldur myndin sjálf sem skipti öllu máli. „Verkið felst ekki í eftirmyndun náttúrunnar heldur bókstaflega í myndun hennar í málverkinu.“ Þannig er eins og listamaðurinn kafj dýpra að baki ímynd landslagsins líkt og það blasir við okkur úti í náttúrunni eða af ljósmyndum og dragi saman í eina einfalda heild-

armynd ótal hughrif ljóss og myrkurs, láréttu sjóndeildarhringsins og lóðréttar línur fjalla og hóla. Og hið ímyndaða landslag verður jafnvel raunverulegra en veruleikinn. Hvernig svo sem á því getur staðið, – en slíkir eru töfrar málverksins.

Georg Guðni líkir tilfinningunni að baki myndsköpun sinni við það að feta sig í myrkri úti í náttúrunni. Alltaf viðbúinn því að detta um einhverja þúfuna eða stíga ofaní skurð, en þegar birtir blasir kannski ekkert annað við en óendanleg slétta heiðarinnar. Það er einmitt þessi óskilgreindi „buski“ og kyrrð sem Georgi Guðna þykir eftirsóknarverð. Landslag sem er mótað af birtu heils sólarhrings og í leik sínum við loft og láð. Og eftir því sem hann ferðast meira um landið skerpist á heildaráhrifum hvers landshluta um sig og þeir verða aðgrein-anlegri. „Það sem hefur alltaf heillað mig í málverkum annarra og eldri landslagsmálara er það sem býr í bakgrunni verkanna. Ég reyni að kalla fram þessa tilfinningu fyrir fjarlægðinni með einfaldri endurtekninu sömu formanna og blæbrigðum ljóss og skugga, líkt og áhorfandinn rekji sig í gegnum málverkið inn í fjarskann.“

Vinnubrögðin hafa orðið grófari eins og best sést á fjölda smámynda sem Georg Guðni byrjaði að vinna fyrir þremur árum og hefur síðan



Morgunblaðið/Góli

GEORG Guðni og landslag heiðarinnar. „Á síðustu árum hef ég forðast að spyrja sjálfan mig of margra spurninga varðandi það hvað ég sé að fara með myndum mínum og látið það ráðast hverju sinni.“

þróað með sér öllu „kæruleysislegri“ og ósjálf-ráðari pensilstrokur í bland við finleika þeirra og nákvæmni áður. „Krafan um að fylgja ákveðinni hugmynd var farin að hamla mynd-sköpuninni. Á síðustu árum hef ég forðast að spyrja sjálfan mig of margra spurninga varðandi það hvað ég sé að fara með myndum mín-

um og látið það ráðast hverju sinni,“ segir Georg Guðni. „Ég lít svo á að það skipti málarann engu hvort hann malar landslag eða eitthvað annað. Málverk og náttúra eru tvö gerólik fyr-irbæri í eðli sínu. Og það er jafn erfitt að gera ímynduðu og raunverulegu landslagi skil. Hvoru tveggja getur verið jafn raunverulegt.“


TEIKNAD MEÐ LJÓSI

SÝNING Bernhards Moninots á Kjarvalsstöðum er fyrsta einkasýning listamannsins utan heimalandsins, Frakklands. Hann hefur þó tekið þátt í samsýningum víða erlendis frá því að hann kom fyrst fram á sjónar-svið myndlistarinnar um 1970 en Bernard hefur einkum vak-ið athygli fyrir teikningar unnar í gler. Frá Íslandi fer hann til Edinborgar þar sem hann opnar sýningu í Gallery Fruit Market. Á sýningunni á Kjarvalsstöðum er úrval verka lista-mannsins allt frá árinu 1980 fram til síðasta árs. Moninot lýs-ir sjálfur öllum verkum sínum sem teikningum, hvort sem línurnar eru kallaðar fram sem gárur á vatni eða skuggar svífskúlptúra, lágmynda eða finlegra forma á glerplötum sem varpað er á hvítan vegginn.

Megininntak listsköpunar Bernhards Moninots felst í tím-anum og því að gera þetta óáþreifanlega hugtak sýnilegt. Finleg form birtast á litfleti sem borinn hefur verið á bakhlíð glers. Skuggaspilið sem formin varpa á hvítan vegginn ræðst af sólarljósinu. Og þegar ljóssins nýtur ekki við hverfur teikningin. Stundum eru þessi form óregluleg að lögun en í annan stað minna þau okkur á stjörnufræðina í geómetrískri þrívíddarlögun sinni.

Farandskuggar er röð lágmynda sem Moninot vann á ferðalögum sínum milli landa og landshluta í Frakklandi. Hugmyndin kviknaði eitt sinn þegar listamaðurinn kom auga á ljósbletti sem dönsuðu um á bekk í lystigarði. Verkin eru samsett úr finlegum sporöskjum eða krosslaga formum sem tengd eru saman á neti píanóstrengja. Heildarformið er form sólarljóssins eins og það skein inn um ákveðinn glugga, á ákveðnum tíma, – og á ákveðnum stað, eins og titlar verk-anna vísa til. Hvítt á hvítu standa verkin í röð á veggnum og lýsingin virkjar skuggaspilið að nýju, – á öðrum tíma og öðr-um stað. Moninot segir notkun píanóstrengjanna ekki úr lausu lofti gripna. „Þar með fæst tenging við tónlistina sem er sömu eiginleikum gædd og skuggarnir, þ.e. að leika um í tíma og rúmi.“ Listamanninum er tónlist hugleikin því hann grípur oftast til þessarar samlíkingar, eins og þegar hann bendir á að öll verkin séu samsett úr mörgum smærri og óreglulegum einingum og þar af leiðandi myndi þau eins og ákveðinn takt innbyrðis þegar augun leita á milli einstakra hluta verksins.

Á síðustu árum hefur Moninot unnið að smíði finlegra svif-verka úr járn og bronsi. Vinnustofu sinni breytti hann í „sjóndeildarstofu,“ þar sem hann ígrundaði lengi marg-breytilega skuggana sem þessir hlutir vörpuðu á loftið eða



Morgunblaðið/Góli

FRANSKI myndlistarmaðurinn Bernard Moninot lýsir verkum sínum sem teikningum þar sem áhöldin eru ljós og skuggi.

„himininn“ í vinnustofunni. Stjörnuvískir sem er skuggamælir og vogarskálur sem vegaljóss, – og þar af leiðandi skugginn sem ljósið varpar á vegginn. Tónkvísl og pendúll slá taktinn

og stýra hreyfingum skugganna. Í sýndarveruleika Moninots verður hið ósýnilega sýnilegt og hverfuleiki tímans eins og þrívíður hlutur.